



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Svar við fyrirspurn Vinstri grænna um sértækan frístundastyrk

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 10. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Vinstri grænna:

Meðal þeirra sértæku aðgerða sem stjórnvöld gripu til í tengslum við Covid-faraldurinn var sérstakur frístundastyrkur sem miðaði að því að gera börnum af efnaminni heimilum kost á að stunda íþróttir og tómstundir. Var þar m.a. verið að bregðast við ábendingum Velferðarvaktarinnar frá árinu 2019 um nauðsyn þess að hugað væri að stöðu þessa hóps. Útfærsla verkefnisins var flókin en að lokum tókst Velferðarsviði að þróa ágæta rafræna lausn til útgreiðslu styrksins sem ætti að geta nýst til framtíðar. Óskað er eftir mati Menningar-, íþróttá- og tómstundasviðs á reynslunni af sérstaka frístundastyrknum frá 2021 og hvort ekki væri rétt að stefna á að koma slíkum stuðningi á til frambúðar.

Svar:

Reynslan af aðgerðum stjórnvalda vegna Covid-19 var að mörgu leyti góð. Verkefnið var í höndum velferðarsviðs Reykjavíkur sem útbjó vefgátt þar sem einstaklingar gátu farið inn og fengið staðfest hvort þeir uppfylltu þau skilyrði sem þyrfti til að fá viðbótarstyrk. Velferðarsvið greiddi í framhaldi styrki handvirkt út eftir kvittunum til þeirra sem sóttu um og uppfylltu skilyrði, tveir starfsmenn sáu um verkefnið á vegum velferðarsviðs. Þegar ljóst var að ekki gekk vel að koma styrkjum út á þennan hátt ákvað Félagsmálaráðuneytið að keyra styrkina í gegnum Hvata styrkjakerfi þáverandi íþróttá- og tómstundasviðs. Reglan var sú að fyrst var notaður styrkur sveitarfélags og í framhaldi styrkur ríkisins hjá þeim sem áttu rétt á honum. Óþarfi var að auðkenna sig gagnvart sérstakri gátt heldur birtist styrkurinn við skráningu hjá þeim sem áttu rétt á honum.

Markmið viðbótarstyrks stjórnvalda var fjárhaglegur stuðningur til efnaminni ólíkt markmiði Frístundakorts Reykjavíkurbogar sem einblíni á forvarnagildi þess að halda börnum virkum í frístundum. Að því leiddi að reglur styrkjanna tveggja voru ólíkar og hægt að nýta styrki félagsmálaráðuneytisins á víðari máta. Þær umsóknir fóru áfram í gegnum velferðarsvið og hefur íþróttá- og tómstundasvið ekki upplýsingar um þær.

Dreifing styrkjanna kom að nokkru leiti á óvart eins og sjá má í hjálögðu fylgiskjali. Af einstökum hverfum nýttist styrkurinn best í Árbæ og mikil nýting var í vesturbæ og Laugardal. Í Breiðholti raungerðist ekki sú nýting sem búist var við og ljóst að þar þarf sértækari aðgerðir en styrki til þess að virkja börn til þátttöku í skipulögðu starfi.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.

REYKJAVÍKURBORG

Mars 2022

Viðbótastyrkir 2021

*Samantekt íþróttá- og tómstundasviðs um nýtingu sérstaks Covid 19
frístundastyrks til tekjulægri einstaklinga*



Íþróttá- og tómstundasvið

Inngangur


Árið 2021 var veittur sérstakur íþrótt- og tómstundastyrkur frá Félagsmálaráðuneytinu í gegnum frístundakerfi Reykjavíkurborgar. Styrkurinn var ætlaður börnum sem koma frá tekjulægri heimilum með því markmiðið að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Styrkirnir voru til viðbótar hefðbundnum frístundastyrkjum og var eyrnamerktur börnum ætlaður sem fædd eru á árunum 2005-2014 og búa á heimilum þar sem tekjur heimilis voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars – júlí 2020.

Styrkurinn var bæði veittur rafrænt í gegnum Hvata frístundakerfi Reykjavíkur en einnig var hægt að sækja handvirkt um endurgreiðslu útlags kostnaðar. Nær þessi samantekt eingöngu til þeirra styrkja sem veittir voru rafrænt 1. september 2021 til og með 3. janúar 2022

Alls nýttu 639 Reykvísk börn


14.047.862 kr

Hlutfall nýtinga eftir kynjum



Fjöldi KK Fjöldi KVK


Ráðstöfun eftir árgöngum



Greinar


Styrkurinn var nýttur í 34 mismunandi tegundir frístunda en 55% nýtingar var í boltagreinum.

Grein	Fjöldi barna	Upphæð styrks
Knattspyrna	211	4.936.461 kr
Körfuknattleikur	86	1.837.815 kr
Handknattleikur	72	1.444.799 kr
Dansíþróttir	48	1.039.616 kr
Fimleikar	42	943.418 kr
Frístund	38	597.048 kr
Sund	22	424.765 kr
Tónlist	20	339.075 kr
Taekwondo	15	234.600 kr
Frjálsíþróttir	12	229.722 kr
Skátar	12	216.886 kr
Skautar	8	191.176 kr
Karate	10	173.500 kr
Sjálfstyrking	7	155.500 kr
Líkamsrækt	8	138.184 kr
Leiklist	6	130.300 kr
Skíðaíþróttir	5	125.000 kr
Íshokki	6	108.044 kr
Glíma	4	99.000 kr
Hestaíþróttir	5	97.000 kr
Júdó	4	81.441 kr
Badminton	4	75.000 kr
Borðtennis	3	75.000 kr
Keila	4	74.412 kr
Rafíþróttir	2	50.000 kr
Listskautar	4	47.600 kr
Blak	2	33.000 kr
Ballett	1	25.000 kr
Hjólabretti	1	25.000 kr
Myndlist	1	25.000 kr
Sjálfsvarnariþróttir	1	25.000 kr
Bogfimi	1	21.200 kr
Annað	4	14.300 kr
Snjóbretti	1	14.000 kr



Nýting hjá félögum

Styrkurinn dreifðist milli 64 félaga á höfuðborgarsvæðinu. Nýtinguna má sjá í töflu hér að neðan



Nýting eftir póstnúmerum

Mest var nýting styrksins meðal barna sem búa í Árbæ og miðsvæðis í Reykjavík (Laugardalur/Hlíðar)

